



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. febrúar 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald, 359. mál**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða.

Frumvarp þetta er nátengt frumvarpi um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða sem er til meðhöndlunar í iðnaðarnefnd Alþingis. Í greinargerð með því frumvarpi kemur fram að sú fjárhæð sem ráðstafað verður af fjárlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða muni endurspegla 3/5 af innheimtu farþegagjaldi og gistináttagjaldi. Það er eindregin skoðun Samtaka atvinnulífsins að verði tekið upp farþegagjald og gistináttagjald þá eigi það að fullu að renna til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Annað er óásættanlegt fyrir greiðendur gjaldsins og í ósamræmi við markmið frumvarpsins.

Ferðamannaíðnaður er vaxandi atvinnugrein hér á landi og miklar vonir bundnar við það að greinin geti áfram vaxið umtalsvert með því að lengja ferðamannatímamann hér á landi. Vöxtur greinarinnar er heldur ekki bundinn takmörkunum líkt og gildir um vöxt annarra útflutningsgreina sem nýta náttúruauðlindir. Ferðamannaíðnaðurinn er hins vegar afar viðkvæmur fyrir ytri röskun, enda horfa flestar nágrannaþjóðir til þessa iðnaðar sem vaxtarsprotu í efnahagslífinu. SA vara við því að neikvæð áhrif farþegagjalds og gistináttagjalds geti orðið verulega meiri á þjóðarbúið en sem nemur þeim tekjum sem gjöldin kunna að skila í ríkissjóð.

Ferðaþjónustuaðilar í samvinnu við stjórnvöld hafa staðið fyrir umfangsmiklu kynningar- og markaðsstarfi m.a. til þess að fjölga erlendum gestum hingað til lands yfir vetrarmánuðina. Til að lágmarka neikvæð áhrif farþegagjalds og gistináttagjalds á fjölda ferðamanna til landsins á viðkvæmum tíma mætti hugsa sér að gjaldið gildi einungis fyrir tímabilið maí – september. Af fjölda farþega með erlent ríkisfang sem fóru um Keflavíkurflugvöll árið 2010 fóru um 65% þeirra um flugvöllinn þessa 5 mánuði. Þá er órökrétt að gistináttagjaldið nái ekki til gistingar á skipulögðu tjaldsvæði, en þar gista fjöldi ferðamanna sem ferðast víða um náttúru Íslands og njóta ekki síður en hótलगestir á höfuðborgarsvæðinu þeirrar aðstöðu sem er á fjölsóttum ferðamannastöðum, friðlýstum svæðum og þjóðgördum.

Að lokum vilja SA beina því til þingnefndarinnar að kanna möguleika á að einfalda fyrirkomulag gjaldtökkunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins